

TIL GAMANS.

I skóla.—Kennarinn: „Hvað er maður í fleirtölu?“

Nemandinn: „Menn.“

Kennarinn: Það var rétt!—Þú getur þá sagt mér, hvað barn er í fleirtölu.“

Nemandinn: „Tvíburar.“

Hann kunnir að snúa sér.—Faðirinn: „Nú Eiríkur minn, til hvers brúkaðir þú 15 centin, sem eg gaf þér til þess þú tækir inn laxérolúna “

Sonurinn: „Eg keypti sætindi fyrir 10 cent. En 5 cent gaf eg Ottó til þess að taka olúna inn fyrir mig.“

Sá vissi það! — Kennarinn: Heyrðu mig, litli vinur minn. Þú getur víst sagt mér, hvað *klæði* er?—Nú, úr hverjú er treyjan þín búin til?“

Hans litli: Treyjan mín? — Já, hún er búin til úr gömlu buxunum hans pabba míns.

I skóla 10 Nóvember.—Kennarinn segir við lærisveina sína: „Þennan dag fæddust tveir miklir Þjóðverjar. Marteinn Láuter var annar, skáldið Schiller hinn.“

Eitt barnið kallar þá upp og spyr: „Vorur þeir tvíburar?“

Skýring.— Kennarinn: „Hvaða skelfileg ólæti eru þarna í öftustu sætunum?“

Pétur litli: „Það var bara þerriblaðið mitt. Það datt niður á gólfið.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð cinn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „Sam.“ á Íslandi.